

KOMDU OG SKOÐAÐU FJÖLLIN – KENNSLULEIÐBEININGAR Á NETI

MARKMIÐ EFNISINS

Námsefnið *Komdu og skoðaðu fjöllin*, tekur mið af nokkrum áfanga- og þrepamarkmiðum aðalnámskrár í náttúrufræði, samfélagsfræði og landafræði á yngsta stigi grunnskólans en kennir auk þess aðrar greinar, ekki síst íslensku. Efnið ætti að henta nemendum í 2.–3. bekk.

Markmið námsefnisins er fyrst og fremst að nemendur fái áhuga á umhverfi sínu og tengist því. Áhersla er lögð á fjöllin. Ísland er fjallaland. Alls staðar eru fjöll hluti af daglegu umhverfi og sýn hvers manns. Sum staðar eru fjöllin nálæg og gnæfa yfir, annars staðar sýnast þau blá í fjarska. Öll búa þau yfir ákveðnum leyndardómum og eru samofin sögu þjóðarinnar frá upphafi.

Einstakir markmiðspættir eru:

Að nemendur

- Geti nafngreint nokkur íslensk fjöll.
- Átti sig á hvernig fjöll eru sýnd á landakorti.
- Þjálfist í að skoða landakort og finna staði á því.
- Velti fyrir sér hvað séu fjöll og læri ýmis heiti á hólum, hæðum og fjöllum.
- Auki orðaforða sinn og þjálfist í að fletta upp lykilorðum.
- Skilji að fjöll eru mikilvægur hluti af íslenskri náttúru.
- Átti sig á að öll eru fjöllin ólík og hafa orðið til á ýmsa vegu.
- Fái að vita að það eru bæði innræn öfl (eldvirkni) og útræn öfl (rof) sem móta landið og skapa fjöllin.
- Skilji að saga þjóðarinnar er samofin landinu, brot af þjóðarsögunni er tengt hverju fjalli, fólki sem þar hefur búið, farið þar um, hræðst fjallið eða notið þess.
- Velti fyrir sér hvernig umhverfið hefur haft áhrif á fólk, mótað líf þess og veitt innblástur til listsköpunar.
- Fái áhuga á eigin umhverfi og að hjá þeim kvikni löngun til að afla sér upplýsinga um fjöllin sem eru hluti af þeirra eigin umhverfi.

NOTKUN EFNISINS

Í kennsluleiðbeiningunum er útskýrt hvernig nota má námsefnið til að vinna þemaverkefni um fjöll. Bókin og vefefnið eru þá notuð til hins ítrasta og nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum þar sem þeir afla sér upplýsinga um ákveðin fjöll og gera grein fyrir niðurstöðum sínum.

Einnig er sett fram hugmynd um hvernig vinna má verkefni um fjöll með [söguaðferð](#). Þá standa bók-in og vefefnið í bakgrunni sem ítarefni en kennari leiðir nemendur með hugarflugi, orðalistum og verkefnum í gegnum verkefni um fjöll.

Hægt er að samþætta þessar hugmyndir að kennslu á ýmsa vegu t.d. fella söguaðferðina inn í 3. hluta þemaverkefnisins.

ÞEMAVERKEFNI UM FJÖLL

Verkefninu er skipt í þrjú hluta

I. hluti (bls. 2–5 í kennslubók).

a) *Kveikja – útikennsla*

Landslag í nágrenninu skoðað og rætt. Nemendum sagt að nú muni þeir vinna verkefni um fjöll.

b) *Úrvinnsla inni*

Landakort skoðuð og hvernig fjöll eru táknuð þar.

Hvernig myndast fjöll? Innri öflin og ytri öflin sem móta fjöllin.

II. hluti (bls. 6–23 í kennslubók).

Hópastarf um fjöll

Bekknun skipt í hópa. Hver hópur fær eitt af þeim fjöllum sem fjallað er um í bókinni. Hópurinn kynnir vinnu sína fyrir bekkjarfélögunum t.d. með glærusýningu. Þegar allir hafa gert grein fyrir sínu verkefni eru umræður í bekknum um fjöll almennt (bls. 22–23 í bók).

III. hluti (bls. 24 í kennslubók og eigið umhverfi).

a) *Eftirfylgni – okkar fjöll, útikennsla og einstaklingsverkefni*

Farið út og fjöll í nágrenninu skoðuð. Teknar myndir af fjallahringnum á góðum útsýnisstað nálægt skólanum.

b) *Mitt fjall*

Myndum af fjallahringnum komið fyrir í kennslustofunni. Þessi fjöll þekkja nemendur af eigin raun. Hver nemandi velur sér sitt fjall (hól, hæð, ás ...) á fjallahringnum og vinnur verkefni um það.

VAL Á FJÖLLUM

Ekki var auðvelt að ákveða hvaða fjöll fengju sérstaka umfjöllun í svo lítilli bók sem bókinni um fjöllin. Leitað var álits nokkurra jarðfræðinga og velt vöngum yfir því á hvern hátt mætti rekja sem flesta þætti úr þjóðlífi Íslendinga samhliða fjöllum. Einnig var tekið mið af skoðanakönnun sem Landvernd lét gera á alþjóðlegu ári fjalla árið 2002. Þar voru Íslendingar spurðir hvert þeir teldu helst vera þjóðarfjall sitt. Þar var Herðubreið ótvíræður sigurvegari með um helming greiddra atkvæða. Í öðru og þriðja sæti voru Hekla og Snæfellsjökull. Einnig var spurt hvert fólk teldi sitt héraðsfjall og var Esjan þar langhæst með næstum fjórðung atkvæða enda bæjarfjall höfuðborgarinnar. Auk þessara fjalla völdust svo í bókina Skjaldbreiður, formögur dyngja sem tengist Þingvöllum, Örafajökull, stærsta eldfjallið og hæsta fjall landsins, Dyrfjöll í blómlegu héraði þaðan sem fjöldi þjóðsagna á rætur að rekja og Hornbjarg, útvörður í vestri með ríka sögu. Það hefði verið gaman að taka miklu fleiri fjöll en form bókarinnar leyfir það ekki. Vonandi verður umfjöllun um þessi fjöll til þess að kennarar og nemendur kanni sérstaklega fjöll í eigin umhverfi, gerð þeirra, sögu og leyndardóma. Til þess er leikurinn gerður.

VEFEFNIÐ OG HEIMILDIR

Öllum *Komdu og skoðaðu ...* bókunum fylgir vefefni sem skiptist í nokkra hluta, flestir þeirra eru fyrst og fremst ætlaðir kennaranum (ekki þó verkefni í *Í handraðanum*). Í vefefninu með *Komdu og skoðaðu fjöllin* er gert ráð fyrir að nemendur nýti sér efnið í *Fróðleikshorni* og í *Ævintýrum og sögum*. Þar er sett viðbótarefni um einstök fjöll á tiltölulega einföldu máli. Þangað geta nemendur sótt sér viðbótarupplýsingar um hvert fjall.

Í heimildalista er getið þeirra heimilda sem notaðar voru við skrif þessa kennsluefnis. Þar er alls ekki um að ræða tæmandi lista yfir gott efni með upplýsingum um þessi fjöll og önnur. Bent er á að fæstar þessara heimilda eru á færi barna að skilja en í þeim eru þó góðar skýringarmyndir.

OPNA 1 – ÞÚ OG FJÖLLIN (BLS. 2-3)

Lykilorð

Landslag.

Hóll, ás og ýmis önnur nöfn á hæðum.

Kveikja, útikennsla

Farið út og landslagið skoðað. Ef engin fjöll eru í nágrenninu er engin sérstök áhersla lögð á þau í upphafi heldur landslag í nágrenninu skoðað.

- Velt fyrir sér hvað krakkarnir kalla mishæðirnar í nágrenninu. Ýmis nöfn eru til og sum koma fram í örnefnum: Þúfa, barð, þúst, hóll, bunga, hæð, hjalli, bölti, haugur, hvoll, ás, háls, hryggur, núpur, gnúpur, höfði, fell, fjall, heiði, jökull.
- Hvenær hættir þúfa að vera þúfa og fer að verða hóll?
- Það sem einn kallar hól kallar annar kannski fjall. Það sem er kallað fjall í einu landi væri kallað hæð í öðru.

Nemendum bent á fjöll í sjónmáli og þeim sagt að nú fari þeir að fást við verkefni um fjöll.

Farið inn

Landakort skoðað og bent á hvernig landslag er táknað á korti.

Útskýrt hvað átt er við þegar talað er um hæð lands yfir sjó.

Á þessum vef

Hæð yfir sjó (Á vettvangi).

OPNA 2 – ÍSLANDSFJÖLL (BLS. 4 – 5)

Lykilorð

Eldstöð, jarðskorpa, kvika, gosbelti, jarðefni, háslétta, jökull, dalur.

Ítarefni

Á gosbeltinu, sem liggur yfir Ísland frá suðvestri til norðausturs er fjöldi eldstöðva. Þarna eru skil tveggja jarðskorpuleka sem fljóta hægt hvor frá öðrum, að meðaltali um tvo sentímetra á ári. Hreyfingar jarðskorpunnar eru þó ekki stöðugar heldur í rykkjum. Þá koma jarðskjálftar. Möttulstrókar eru þar sem óvenju mikið af kviku, djúpt neðan úr jörðinni, leitar upp í yfirborð hennar. Yfir möttulstrókum bugar jarðskorpan upp og þaðan flæðir kvikan og nærir nálægar eldstöðvar. Þannig svæði eru kölluð heitir reitir. Undir virka gosbeltinu, við norðvesturhluta Vatnajökuls, er einn öflugasti möttulstrókur jarðar.

Frá eldstöðvum rennur kvikan sem hraun eða þeytist upp í loftið í sprengingum og verður að gjósku. Þetta eru hin innrænu öfl sem byggja upp landið.

Hraunlög renna hvert ofan á annað, önnur jarðefni leggjast líka ofan á þau, hvert lagið leggst ofan á annað og þannig myndast háslétta.

Jöklar myndast þar sem meiri snjór fellur á veturna en nær að bráðna á sumrin. Snjórinn safnast saman og breytist í ís. Jökullinn getur ekki hækkað endalaust svo að hann skríður hægt og hægt út frá miðjunni. Þá myndast skriðjöklar við jökuljaðarinn og skriða út frá honum. Þungur jökullinn þjappar og mylur jarðlögin undir sér, skriðjöklarnir yta jarðefnum í burtu og mynda dali í hásléttuna. Skriðjöklar bráðna og mynda jökulár. Vatnið í þeim er blandað leðju úr bergmylsnu sem jökullinn hefur mulið. Þar sem þær renna straumþungar um sverfa þær niður gil og gljúfur. Þar sem þær eru tiltölulega lygnar á sléttlendi fellur gruggið í þeim til botns og þær mynda sanda. Jöklar, vatn, sjór og vindur eru hin útrænu eða ytri öfl sem móta landið.

Á þessum vef

Dagsett jarðlög og Þráður tímans (Á vettvangi).

Kennsluleiðbeiningarnar með annarri opnu bókarinnar *Komdu og skoðaðu land og þjóð*, og efni sem henni fylgir.

OPNUR 3–10 (BLS. 6–21)

Hópavinna

Nemendum er skipt í hópa. Hver hópur fær eitt fjall af þeim átta fjöllum sem sagt er frá í bókinni. Hópurinn kynnir sér sitt fjall. Hann finnur það á landakorti og þá staði sem nefndir eru í textunum. Hann les um fjallið í kennslubókinni og í *Fróðleikshorni* og *Ævintýrum og sögum* á þessum vef. Æskilegast er að nemendur temji sér að lesa upplýsingar beint af Netinu. Ef ekki eru til nægar tölvur í skóla til að það sé hægt geta kennarar prentað út t.d. *Fróðleikshorn* og *Orðalista* hvers fjalls fyrir viðkomandi hóp. Einnig ættu duglegir nemendur að leita fanga víðar á vefnum, í bókum og öðrum heimildum eftir getu nemenda og tíma. Myndir af fjöllum má finna á póstkortum, dagatölum og myndskygnum. Hópurinn býr til dagskrá um fjallið sitt, t.d. með hjálp glæra eða skjávarpa og flytur hana fyrir bekkinn.

Fróðleikshornið

Upplýsingarnar um einstök fjöll á þessum vef eru að sumu leyti líkar t.d. um myndun fjallanna og aldur. Önnur atriði um fjöllin eru ólík frá einu fjalli til annars. Það sem nefnt er um eitt fjall getur vel átt við um fleiri. Dæmi um það er t.d. að í Esjukaflanum er sérstaklega fjallað um fjallgöngur og að gaman sé að horfa á fjöll og það sé einhvers virði. Þetta á við um miklu fleiri fjöll og óþarfi að taka það fram við hvert fjall. Sérstök áhersla er lögð á þjóðtrú í umfjöllun um Dyrfjöll en hin fjöllin eiga sér líka þjóðsögur. Ýmis svona atriði þurfa kennarar að benda nemendum á. Nemendur geta auðvitað kannað og sagt frá miklu fleiri atriðum um fjöllin en þeim sem hér eru tíunduð.

Þótt reynt sé að skrifa um fjöllin á tiltölulega einföldu máli er þó víða um þungt efni að ræða. Mikilvægt er að kennarar lesi efnið með nemendum og hjálpi þeim að skilja það. Kenna þarf börnunum hvernig heimildir eru nýttar. Þau þurfa að læra að skrifa niður upplýsingar með eigin orðum en gera ekki skrif annarra að sínum.

Lykilorð

Í kennsluefninu um fjöllin eru mörg ný orð fyrir unga nemendur. Lykilorð, bæði úr bókinni og *Fróðleikshorni*, eru því sérstaklega útskýrð og umfjöllun um hvert fjall fylgir listi lykilorða í stafrófsröð. Þarna fá nemendur hjálfun í að fletta upp orðum sem þeir ekki skilja, lesa útskýringar á þeim og nota þær til að skilja texta sem þeim þykir torskilinn.

Á þessum vef

Skjaldbreiður

Orð um Skjaldbreið (Fróðleikshorn).
Skjaldbreiður og dyngjur (Fróðleikshorn).
Hálfröll í fjöllum (Fróðleikshorn).
Jónas Hallgrímsson (Fróðleikshorn).
Fjallið Skjaldbreiður (Fróðleikshorn).
„Einu sinni á ágústkveldi“ (Fróðleikshorn).
Ljósmynd af Skjaldbreið (Myndasafn).

Hekla

Orð um Heklu (Fróðleikshorn).
Hekla, hæð og stærð (Fróðleikshorn).
Heklugos (Fróðleikshorn).
Miðaldatrú (Fróðleikshorn).
Öskulög og Sigurður Þórarinsson (Fróðleikshorn).
Skrifað um Heklu (Fróðleikshorn).
Þjóðsögur um Heklu (Ævintýri og sögur).
Ljósmynd af Heklu (Myndasafn).

Öræfajökull

Orð um Öræfajökul (Fróðleikshorn).
Vatnajökull (Fróðleikshorn).
Öræfajökull, hæð og stærð (Fróðleikshorn).
Eldgos í Öræfajökli (Fróðleikshorn).
Sveinn Pálsson og Skaftafell (Fróðleikshorn).
Ljósmynd af Öræfajökli (Myndasafn).

Dyrfjöll

Í *Fróðleikshorni* um Skjaldbreið og Snæfellsjökul er minnst á hálftröllin Bárð Snæfellsás og Ármann í Ármannsfelli. Hér í Dyrfjöllum kemur sjálf Grýla til sögunnar. Tröll eru órjúfanlega bundin fjöllum. Sjálf sagt er að kynna tröll og tröllasögur Þjóðtrúarinnar fyrir nemendum. Þar kennir margra grasa. Tröllin voru alls ekki öll hin verstu, sum áttu það til að launa vel fyrir greiða þeim gerðan. Hvers vegna ætli krökkum í gamla daga hafi verið sagt að það væru tröll í fjöllum? Gæti það verið til þess að þau væru ekki alein að flækjast allt of langt í burtu frá bæjum sem víða kúrðu undir fjallshlíðum á Íslandi? Þar gátu leynst ýmsar hættur sem mikilvægt var að krakkarnir gættu sín á. Þær hættur var kannski erfitt að láta krakka skilja en þau hlustuðu þegar þeim var sagt að gæta sín á tröllum.

Á þessum vef

Orð um Dyrfjöll (Fróðleikshorn).
Hæð og aldur Dyrfjalla (Fróðleikshorn).
Austfjarðafjöll (Fróðleikshorn).
Jóhannes Sveinsson Kjarval (Fróðleikshorn).
Þjóðsögur og Sigfús Sigfússon (Fróðleikshorn).
Grýla (Þjóðsögur og ævintýri).
Galdra-Þorleifur (Þjóðsögur og ævintýri).
Ljósmynd af Dyrfjöllum (Myndasafn).

Í *Komdu og skoðaðu umhverfið* er umfjöllun um steina og verkefni sem henni tengist.

Á Flóruvefnum (www.floraislands.is) eru myndir og sagt frá plöntunum sem nefndar eru í textanum.

Herðubreið

Kannski má segja að Skjaldbreiður og Herðubreið séu systkini mynduð á sama hátt nema: Hann myndaður á íslausu landi þar sem hraun gat runnið að vild. Hún mynduð undir jökli sem heldur utan um hraunið sem hleðst upp, rétt eins kökuform heldur utan um lint deig á meðan það bakast.

Á þessum vef

Orð um Herðubreið (Fróðleikshorn).
Herðubreið, hæð og uppganga (Fróðleikshorn).
Móbergssfjöll (Fróðleikshorn).
Útilegumenn, Eyvindur og Halla (Fróðleikshorn).
Á Sprengisandi (Fróðleikshorn).
Óskasteinar (Ævintýri og sögur).
Ljósmynd af Herðubreið (Myndasafn).

Hornbjarg

Orð um Hornbjarg (Fróðleikshorn).
Hornbjarg, hæð og aldur (Fróðleikshorn).
Rof (Fróðleikshorn).
Fuglabjörg og dýralíf (Fróðleikshorn).
Hornstrandir fyrr og nú (Fróðleikshorn).

Úr Fóstbraðrasögu og Gerplu (Ævintýri og sögur).
Ljósmynd af Hornbjagi (Myndasafn).

Fjölmargar fuglabækur hafa verið gefnar út á Íslandi með góðum myndum og myndir af fuglum eru líka á vefnum. Þar má finna myndir af þeim fuglum sem nefndir eru sem íbúar Hornbjargs.

Snæfellsjökull

Bent er á að Eggert og Bjarni gengu á Snæfellsjökul á heimatilbúnum, íslenskum skinnskóm. Fróðlegt er að bera saman útbúnað fólks á ferðalögum áður fyrr og nú til dags. Nú ganga menn um jökla á þykkum gönguskóm og binda á þá brodda. Gaman væri að sýna nemendum báðar gerðir skónna, þá gömlu og nýju.

Á þessum vef

Orð um Snæfellsjökul (Fróðleikshorn).
Um Snæfellsjökul (Fróðleikshorn).
Jules Verne (Fróðleikshorn).
Heilög fjöll (Fróðleikshorn).
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull (Fróðleikshorn).
Ljósmynd af Snæfellsjökli (Myndasafn).

Algengt er að nemendur í ýmsum skólum fjalli um Bárð Snæfellsás. Mikið af því má finna með því að slá upp leitarorðinu Bárðar saga Snæfellsás á leitarvél.

Esja

Orð um Esju (Fróðleikshorn).
Esja, hæð og myndun (Fróðleikshorn).
Esjan og Reykjavík (Fróðleikshorn).
Náttúra, fjöll og þéttbýli (Fróðleikshorn).
Kjalnesinga saga (Fróðleikshorn).
Námugróftur (Fróðleikshorn).

OPNA 11 – HVERS VIRÐI ERU FJÖLLIN? (BLS. 22–23)

Þegar nemendur hafa í hópum kynnt sér einstök fjöll og gert bekknum grein fyrir niðurstöðum sínum er eðlilegt að draga saman og spjalla um fjöll almennt. Þá kviknar spurningin: Hvers virði eru fjöllin?

Á blaðsíðum 22–23 er tæpt á ýmsu sem hægt er að vekja máls á eða gæti komið upp í umræðunni. Umfjöllunarefnið eru sum augljós og skiljanleg, önnur erfiðari.

Að eiga fjöll

Land á Íslandi getur verið í einkaeign, í eigu sveitarfélaga, ríkisins, í þjóðareigu eða að ekki hefur verið úrskurðað um eignarrétt á landinu. Fjöll geta því, lögformlega, verið í eigu allra þessara aðila.

Sá sem á fjall getur þó ekki ráðskast alveg með það að vild. Ef landið er óráktað getur hann ekki meinað fólki að fara þar um og dvelja þar um tíma svo framarlega sem fólkið er ekki að gera neitt af sér. Ef eigandinn vill opna námu í fjallinu og selja jarðefni að verulegu magni verður hann að leita leyfa til að fá að gera það. Óskín um að opna námuna fer þá inn í ákveðið ferli í stjórnkerfinu sem metur hvaða áhrif það geti haft að opna námuna, bæði á náttúruna og samfélagið í kring. Þá er tekið tillit til annarra hagsmuna en bara hagsmuna eiganda t.d. hagsmuna þeirra sem nota fjallið til útivistar.

Að njóta fjalla

Það er undir uppalendum komið hvort nemendur hafa fengið þjálfun í að njóta náttúrunnar, að horfa, hlusta, þefa, snerta, íhuga og njóta. Margar kenningar og fullyrðingar eru til um mikilvægi þessa þáttar í uppeldi barna og lífsnautn fólks. Víða er fullyrt að börn sem fara á mis við það í uppeldi og menntun að kynnast náttúru og fjöllum hafi ekki sömu möguleika til lífsfyllingar og jafnvel heilsubótar og þau sem hafa lært að skynja umhverfi sitt og njóta þess.

Hér verður látin nægja ein tilvitnun í mikilvægi fjallamennsku en það eru orð Brodda Jóhannessonar, sálfræðings og rektors Kennaraháskóla Íslands:

... ég reyni að komast til fjalla, helzt ekki sjaldnar en vikulega, og þá alltaf í nokkurn bratta, þannig að ég reyni á líkamspolið. Oftast er ég einn á þessum ferðum, og ég trúí því, að ég haldi ekki andlegri eða líkamlegri heilsu, hvorki siðferðilegri né vitsmunalegri, – nema að ég stundi mínar fjallgöngur.

(Valgeir Sigurðsson, 1978)

Það er ljóst að fjöll eru mikilvæg miklu fleirum en þeim sem geta sannað eignarrétt sinn á þeim á lögformlegan hátt. Þau hafa áhrif á umhverfi okkar, á okkur sjálf og á líf okkar. Eiga fjöllin þá ekki svolítið í okkur?

Á þessum vef

Gengið á fjöll (Á vettvangi).

Saga unnin með söguaðferð (Á vettvangi).

FJÖLLIN ÞÍN (24. SÍÐA)

Nú er komið að því að tengja það sem lært hefur verið um fjöll víðs vegar um landið við eigið umhverfi. Hvaða fjöll sjáum við heiman frá okkur? Hvað vitum við um þau fjöll?

Útikennsla

Farið er út með bekkinn í góðu skyggni þegar vel sést til fjalla. Teknar eru myndir af fjallahringnum og íhugað hvaða fjöll sjást. Sjást einhver þeirra fjalla sem nemendur hafa verið að fjalla um? Eða sjást einhver þeirra fjalla sem talin eru upp á blaðsíðu 24? Landakort og *Íslandsbókin* (Jóhann Ísberg og Kjartan P. Sigurðsson, 1997) eru gagnlegir gripir við að finna út nöfn á fjöllum.

Úrvinnsla – fjallið mitt

Ljósmyndirnar sem teknar voru af fjallahringnum eru hengdar upp í kennslustofunni. Hvað vita nemendur um fjöllin sem þeir sjá á hverjum degi? Hvar geta þeir aflað upplýsinga um þau? Þessi fjöll þekkja nemendur af eigin raun. Þeir geta aflað upplýsinga um þau á kortum, í bókum, á vefnum en þeir geta líka fjallað um þessi fjöll út frá eigin reynslu og spurt ættingja sína og vandamenn um þau.

Hver nemandi velur sér sitt fjall (hól, hæð, ás ...) á fjallahringnum. Ekkert gerir til þótt margir nemendur velji sama fjallið, sögur og önnur verk hvers nemanda ættu að verða mismunandi.

Nemandinn aflar fanga um fjallið sitt úr heimildum en ekki síður hjá foreldrum, afa og ömmu, nágrönnum og fleirum. Eiga þeir minningar tengdar fjallinu, þekkja þeir sögu þess eða sögu tengda því? Nemandinn segir einnig frá eigin upplifun eða reynslu. Hefur hann gengið á fjallið eða farið yfir heiðina? Hann getur líka teiknað mynd af fjallinu sínu, ort ljóð, samið sögu (eigin þjóðsögu) eða unnið eitthvert annað listaverk um fjallið. Þessum verkum er safnað og einhver þeirra (eða öll) flutt eða sýnd í bekknum.

Einnig mætti efna til foreldrafundar þar sem börnin kynntu allt verkefnið. Foreldrar gætu þá e.t.v. líka sagt reynslusögu af fjöllum eða upplifun sinni af þeim.

HEIMILDIR

Grunnheimildir

- Ari Trausti Guðmundsson. 1986. *Íslandseldar. Eldvirkni á Íslandi í 10.000 ár*. Vaka – Helgafell, Reykjavík.
- Guðmundur Páll Ólafsson. 1990. *Perlur í náttúru Íslands*. Mál og menning, Reykjavík.
- Íslensk orðabók, þriðja útgáfa, aukin og endurbætt*. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík. 2002.
- Íslenska alfræðiorðabókin*. Ritstjórar Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík. 1990.
- Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson. 2003. *Jarðargæði. Jarðfræði NÁT 113*. Iðnú, Reykjavík.
- Jóhann Ísberg, Kjartan P. Sigurðsson. 1997. *Íslandsbókin*, önnur prentun aukin og endurbætt. Tækni-myndir, Reykjavík.
- Þorsteinn Jóseppsson, Steindór Steindórsson og fleiri. 1980–1985. *Landið þitt Ísland*, 6. bindi Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík.

Heimildir um Skjaldbreið

- Ármanns saga in yngri, *Íslendingasögur*, 12. bindi 1947. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík. (Bls. 439–442.)
- Bárðar saga Snæfellsáss, *Íslendingasögur og þættir*, I. bindi 1987. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 46–74.)
- Björn Th. Björnsson. 1984. *Þingvellir, staðir og leiðir*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík (Bls.138.)
- Jónas Hallgrímsson. *Ljóð og lausamál*. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I.bindi. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 129-132, 263.) 1989.
- Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson, ævisaga*. Mál og menning, Reykjavík. (Bls. 302–307 og víðar). *Skólaljóð*. Án ártals. Kristján J. Gunnarsson valdi kvæðin. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík. (Bls. 44–61.)
- Tummakukka, söngbók Mímis*. 1975. Félag stúdenta í íslenskum fræðum, Reykjavík. (Bls. 153.)
- www.thingvellir.is

Heimildir um Heklu

- Árni Hjartarson. 1995. *Á Heklustóðum*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Galdrasögur, Þjóðsögur og ævintýri Jóns Árnasonar, Óskar Halldórsson sá um útgáfuna*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík. (Bls. 119–122.) 1971.
- Sigurður Þórarinnsson. 1968. *Heklueldar*. Sögufélagið, Reykjavík.
- Þjóðsagnabókin, sýnisbók íslenskra þjóðsagnasafna*, II. bindi, Sigurður Nordal tók saman. Almenna bókafélagið, Reykjavík. (Bls. 150.) 1972.
- Þorleifur Einarsson. 1982. Á sjötugsafmæli Sigurðar Þórarinnssonar, *Eldur er í norðri*. Sögufélag, Reykjavík. (Bls. IX-XVI.)

Heimildir um Örafajökul

- Hjörleifur Guttormsson. 1993. *Við rætur Vatnajökuls*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson. 2003. *Jarðargæði. Jarðfræði NÁT 113*. Iðnú, Reykjavík.
- Magnús Tumi Guðmundsson og fleiri. 2000. *Vatnajökull. Rannsóknir, ferðalög og skipulag*. (Ljósrit) Jöklarannsóknafélag Íslands, Reykjavík.
- Sigurður Björnsson á Kvískerjum. 1979. *Örafasveit*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Þórunn Guðmundsdóttir, sagnfræðingur. Bréf til höf. dagsett 18.11.03.

Heimildir um Dyrfjöll

Hjörleifur Guttormsson. 1974. *Austfjarðafjöll*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir, III. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. (Bls. 69–73.) 1982.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir, X. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson bjuggu til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. (Bls. 445–488.) 1991.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir, XI. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Helgi Grímsson bjót til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. 1993.

Heimildir um Herðubreið

Íslenskar útilegumannasögur. Guðrún Bjartmarsdóttir sá um útgáfuna. Uglan, íslenski kiljuklúbburinn, Reykjavík. 1987.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir, IV. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. (Bls. 265–267.) 1982.

Kristján Eldjárn. 1974. Handverk Fjalla Eyvindar. *Hugur og hönd*. (Bls. 7–10.)

Skólaljóð. Án árs. Kristján J. Gunnarsson valdi kvæðin. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík. (Bls. 69.)

Þorleifur Einarsson. 1994. *Myndun og mótun lands*. Mál og menning, Reykjavík. (Bls. 74–75.)

Öldin átjándi, Jón Helgason tók saman (tvö bindi) 1960 og 1961. Forlagið Iðunn, Reykjavík. (Í efnisyfirliti seinna bindis eru taldar upp fréttir um útilegumenn.)

Heimildir um Hornbjarg

Fóstbræðra saga á *Íslendingasögur og þættir*, II. bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 806–807.) 1987.

Guðrún Ása Grímsdóttir. 1994. *Ystu strandir norðan Djúps*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Halldór Kiljan Laxness. 1952. *Gerpla*. Helgafell, Reykjavík.

Páll Hersteinsson. 1999. *Refirnir á Hornströndum*. Ritverk, Reykjavík.

Heimildir um Snæfellsjökul

Bárðar saga Snæfellsáss í *Íslendingasögur og þættir*, I. bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 46–74.) 1987.

Einar Haukur Kristjánsson og Haukur Jóhannesson. 1982. *Snæfellsnes frá Löngufjörum að Ólafsvíkurenni*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Eyrbyggja saga í *Íslendingasögur og þættir*, I. bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 539.) 1987.

Helgi Hjörvar. 1932. Snæfellsnes. *Árbók 1932*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 40.)

Ólafur Lárusson. 1932. Þrír sögustaðir í Þórsnesi. *Árbók 1932*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 52–53.)

Heimildir um Esju

E.J.Stardal. 1985. Esja og nágrenni. *Þættir um nágrenni Reykjavíkur*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 83–112.)

Ingvar Birgir Friðleifsson. 1985. Jarðsaga Esju og nágrennis. *Þættir um nágrenni Reykjavíkur*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 141–172.)

Kjalnesinga saga í *Íslendingasögur og þættir*, annað bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 1437.) 1987.

Sigurður Jóhannesson. 2003. Er landslag einhvers virði? *Vísbending*, 46. tbl. (Bls. 3–4.)

ALLAR HEIMILDIR Í STAFRÓFSRÖÐ

- Ari Trausti Guðmundsson. 1986. *Íslandseldar. Eldvirkni á Íslandi í 10.000 ár*. Vaka – Helgafell, Reykjavík.
- Ármanns saga in yngri, *Íslendingasögur*, 12. bindi 1947. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík. (Bls. 439–442.)
- Árni Hjartarson. 1995. *Á Hekluslóðum*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Bárðar saga Snæfellsáss í *Íslendingasögur og þættir*, I. bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 46–74.) 1987.
- Bárðar saga Snæfellsáss, *Íslendingasögur og þættir*, I. bindi 1987. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 46–74.)
- Björn Th. Björnsson. 1984. *Þingvellir, staðir og leiðir*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík (Bls.138.)
- E.J.Stardal. 1985. Esja og nágrenni. *Þættir um nágrenni Reykjavíkur*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 83–112.)
- Einar Haukur Kristjánsson og Haukur Jóhannesson. 1982. *Snæfellsnes frá Löngufjörum að Ólafsvíkurenni*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Eyrbyggja saga í *Íslendingasögur og þættir*, I. bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 539.) 1987.
- Fóstbræðra saga í *Íslendingasögur og þættir*, II. bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 806–807.) 1987.
- Galdrasögur*, Þjóðsögur og ævintýri Jóns Árnasonar, Óskar Halldórsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík. (Bls. 119–122.) 1971.
- Guðmundur Páll Ólafsson. 1990. *Perlur í náttúru Íslands*. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 1994. *Ystu strandir norðan Djúps*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Halldór Kiljan Laxness. 1952. *Gerpla*. Helgafell, Reykjavík.
- Helgi Hjörvar. 1932. Snæfellsnes. *Árbók 1932*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 40.)
- Hjörleifur Guttormsson. 1974. *Austfjarðafjöll*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Hjörleifur Guttormsson. 1993. *Við rætur Vatnajökuls*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Ingvar Birgir Friðleifsson. 1985. Jarðsaga Esju og nágrennis. *Þættir um nágrenni Reykjavíkur*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 141–172.)
- Íslensk orðabók, þriðja útgáfa, aukin og endurbætt*. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík. 2002.
- Íslenska alfræðiorðabókin*. Ritstjórar Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík. 1990.
- Íslenskar útilegumannasögur*. Guðrún Bjartmarsdóttir sá um útgáfuna. Uglan, íslenski kiljukulúbburinn, Reykjavík. 1987.
- Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, III. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. (Bls. 69–73.) 1982.
- Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, IV. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. (Bls. 265–267.) 1982.
- Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, X. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson bjuggu til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. (Bls. 445–488.) 1991.
- Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, XI. bindi. Sigfús Sigfússon, safnaði og skráði, Helgi Grímsson bjót til prentunar. Þjóðsaga, Reykjavík. 1993.
- Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson. 2003. *Jarðargæði. Jarðfræði NÁT 113*. Iðnú, Reykjavík.
- Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson. 2003. *Jarðargæði. Jarðfræði NÁT 113*. Iðnú, Reykjavík.
- Jóhann Ísberg, Kjartan P. Sigurðsson. 1997. *Íslandsbókin*, önnur prentun aukin og endurbætt. Tækni myndir, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. *Ljóð og lausamál*. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I.bindi. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 129-132, 263.) 1989.

- Kjalnesinga saga í *Íslendingasögur og þættir*; annað bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson o.fl. Svart á hvítu, Reykjavík. (Bls. 1437.) 1987.
- Kristján Eldjárn. 1974. Handverk Fjalla Eyvindar. *Hugur og hönd*. (Bls. 7–10.)
- Magnús Tumi Guðmundsson og fleiri. 2000. *Vatnajökull*. Rannsóknir, ferðalög og skipulag. (ljósrít) Jöklarannsóknafélag Íslands, Reykjavík.
- Ólafur Lárusson. 1932. Þrír sögustaðir í Þórsnesi. *Árbók 1932*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. (Bls. 52–53.)
- Páll Hersteinsson. 1999. *Refirnir á Hornströndum*. Ritverk, Reykjavík.
- Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson, ævisaga*. Mál og menning, Reykjavík. (Bls. 302–307 og víðar).
- Sigurður Björnsson á Kvískerjum. 1979. *Öræfasveit*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Sigurður Jóhannesson. 2003. Er landslag einhvers virði? *Vísbinding*, 46. tbl. (Bls. 3–4.)
- Sigurður Þórarinnsson. 1968. *Heklueldar*. Sögufélagið, Reykjavík.
- Skólaljóð*. Án árs. Kristján J. Gunnarsson valdi kvæðin. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík. (Bls. 69.)
- Skólaljóð*. Án ártals. Kristján J. Gunnarsson valdi kvæðin. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík. (Bls. 44–61.)
- Tummakukka, söngbók Mímis*. 1975. Félag stúdenta í íslenskum fræðum, Reykjavík. (Bls. 153.)
- www.thingvellir.is
- Þjóðsagnabókin, sýnisbók íslenskra þjóðsagnasafna*, II. bindi, Sigurður Nordal tók saman. Almenna bókafélagið, Reykjavík. (Bls. 150.) 1972.
- Þorleifur Einarsson. 1982. Á sjötugsafmæli Sigurðar Þórarinnssonar, *Eldur er í norðri*. Sögufélag, Reykjavík. (Bls. IX–XVI.)
- Þorleifur Einarsson. 1994. *Myndun og mótun lands*. Mál og menning, Reykjavík. (Bls. 74–75.)
- Þorsteinn Jósepsson, Steindór Steindórsson og fleiri. 1980–1985. *Landið þitt Ísland*, 6. bindi Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík.
- Þórunn Guðmundsdóttir, sagnfræðingur. Bréf til höf. dagsett 18.11.03.
- Öldin átjándi*, Jón Helgason tók saman (tvö bindi) 1960 og 1961. Forlagið Iðunn, Reykjavík. (Í efnisyfirliti seinna bindis eru taldar upp fréttir um útilegumenn.)